

heita *so sb-7 – falla*
[hét, hétum, heitið]

– hvað heitir þú?

‡

mamma *kv – stofa Ö*
[mömmu, mömmur]

– þetta er mamma mín

‡ » móðir « pabbi

heyra *so vb-i – heyra*
[-ði]

– ég heyri fuglana syngja

‡ • tilheyra

tím-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– hún vinnur 40 (fjörutíu) tíma á viku
– hvenær er tíminn búinn?

‡ • klukkutími, nútími, tímabil, tímarit, samtímis

kenn-a *so vb-i – heyra*
[-di]

– hann kennir mér ekki bara málfræði

‡ • kennari, kennsla; viðurkenna, einkennilegur, sérkennilegur

lær-a *so vb-i – heyra*
[-ði]

– ég er að læra íslensku

‡ » nema

stelp-a *kv – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– stelpan leikur sér með boltann

‡ » stúlka

pabb-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– pabbi minn er yngri en mamma mín

‡ » faðir « mamma

afi *kk – tími*
[-a, -ar]

– afi hans er góður karl

‡ « amma

amma *kv – stofa Ö*
[ömmu, ömmur]

– amma mín er 75 (sjötíu og fimm) ára

‡

gleym-a *so vb-i – heyra*
[-di]

– ég gleymdi bókinni heima

‡ « muna

skól-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– nemendurnir mæta snemma í skólann

‡ • háskóli

úlp-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– úlpan er með hettu

‡

kennar-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– kennarinn okkar heitir Jóna

‡ • kenna, kennsla « nemandi

kafli *kk – tími*
[-a, -ar]

– þetta er fyrsti kafli bókarinnar

‡

stof-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– stofan er björt

‡